



## Losun gróðurhúsalofttegunda hefur minnkað mikið síðustu tvö ár

*Losun hitunargilda (CO<sub>2</sub>-ígilda) frá hagkerfi Íslands á þriðja ársfjórðungi 2020 var 20,6% minni en losun á sama ársfjórðungi 2019. Meginstæða þessa var mikill samdráttur í flugi vegna kórónuveirufaraldursins. Losunin á þriðja ársfjórðungi 2020 var 13,6% meiri en losun á öðrum ársfjórðungi 2020 en þá var hún sögulega lág.*

Rétt fyrir áramót birti Hagstofan bráðabirgðatölur um losun CO<sub>2</sub>-ígilda þeirra greina sem losa mest hér á landi. Allt frá upphafi ársins 2019 var ljóst að losun frá flugsamgöngum myndi minnka mikið og þurfti ekki faraldur til. Losun frá flugsamgöngum minnkaði þannig um 36% milli 2018 og 2019 og losun frá stóriðju minnkaði einnig um 9%. Þá minnkaði losun frá flutningum á sjó um 10%. Ástæður þessa voru nokkrar, brotthvarf WOW air, minni framleiðsla og bilanir í álverksmiðjum og almennur samdráttur tengdur þessu. Þarna var því ekki um skipulagðan samdrátt í losun samkvæmt markmiðum að ræða.


### Áframhaldandi minnkun losunar á árinu 2020

Nú hefur Hagstofan birt tölur um losun á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2020. Ef þessir ársfjórðungar eru bornir saman við þrjá fyrstu fjórðunga síðustu ára má sjá að veruleg minnkun losunar frá flugsamgöngum heldur áfram með sama hætti. Þannig var losun frá flugsamgöngum á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2020 einungis um 37% af því sem hún var á árinu 2018, þegar hún var mest. Losunin frá stóriðju hélt áfram að minnka á fyrstu þremur fjórðungum ársins en þó minna en árið á undan. Þannig var losun frá stóriðju fyrstu þrjá fjórðunga 2020 um 90% af því sem var 2018.

### Fjórar greinar með um 2/3 hluta losunar


Þær greinar sem hér hefur verið fjallað um (flugsamgöngur, stóriðja, heimili og landbúnaður og matvælaframleiðsla) hafa losað um 67-70% af heildarmagni losunar hér á landi síðustu ár. Þrátt fyrir mikla minnkun losunar frá flugsamgöngum síðustu ár, frá 29% af allri losun 2016 niður í 15%

Losun CO<sub>2</sub> 2017-2019



Heimild: Hagstofa Íslands

Losun fyrstu þrjá fjórðunga ársins



Heimild: Hagstofa Íslands



2020, hefur hlutfall þessara greina verið nokkuð stöðugt fyrstu þrjá fjórðunga síðustu ára. Eins og sjá má hefur hlutfall stóriðju af losun aukist töluvert þrátt fyrir að losunin sjálf hafi minnkað nokkuð í tonnum talið. Það sýnir að losun annarra greina en þessara fjögurra hefur einnig minnkað á þessu tímabili.

### Miklar sveiflur í losun innan ársins

Mikil árstíðasveifla er í losun hér á landi í flestum stærstu greinunum nema stóriðju. Þannig er losun jafnan mest á 2. og 3. fjórðungi ársins, þegar efnahagsstarfsemi er jafnan mest.

### Margt fer ekki í bókhaldið

Minnkun losunar í flugsamgöngum og stóriðju skiptir ekki miklu máli varðandi þau markmið í loftslagsmálum sem þjóðin hefur tekið á sig.


Bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda er flókið, t.d. varðandi uppsprettu losunarinnar og skuldbindingar ríkja. Þannig eru alþjóðaflug og alþjóðasiglingar undanskildar skuldbindingum ríkja í Kýótóbókuninni. Sumt fellur undir skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld bera beina ábyrgð á, annað undir samevrópskt viðskiptakerfi með losunarheimildir (ETS) og enn annað heyrir undir alþjóðlegar stofnanir, t.d. á sviði flugmála og siglinga. Þannig heyrir stóriðja undir ETS, og þar bera fyrirtækin sjálf ábyrgð á losun sinni og þurfa að útvega sér heimildir til losunar, t.d. með kaupum á markaði. Losun alþjóðaflugs er enn sem komið er sér á parti og heyrir ekki undir íslensk stjórnvöld.

### Mikil losun frá 1995


Losun gróðurhúsalofttegunda hefur aukist um 81% milli árána 1995 og 2020 eftir rúmlega 5% minnkun milli 2018 og 2019. Miðað við fyrstu þrjá fjórðungana á síðasta ári má búast við 15-20% minnkun til viðbótar á árinu 2020.

Sé litið á breytingu innan hvernar greinar fyrir sig birtist annar veruleiki þar sem greinarnar eru mismunandi stórar hvað losun varðar. Hlutfallsleg losun hefur aukist langmest í ferðaþjónustu og akstri ferðamanna, en þar var losunin á árinu 2019 um 24 sinnum meiri en á árinu 1995. Næstmesta aukningin var í landflutningum og geymslu, 15 sinnum meiri 2019 en var 1995.


Hlutfall af heildarlosun



Losun eftir ársfjórðungum frá 2016



Þróun losunar helstu greina frá 1995






Í tveimur greinum var losunin minni 2019 en 1995 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Þetta eru fiskveiðar og fiskeldi annarsvegar, og landbúnaður og matvælaframleiðsla hinsvegar. Þannig var losun frá fiskveiðum og fiskeldi um 50% minni 2017 en var 1995 og losun frá landbúnaði og matvælaframleiðslu um 15% minni.

### ***Stór hluti losunar ekki á ábyrgð stjórnvalda***

Eins og áður segir heyrir stór hluti losunar gróðurhúsalofttegunda innan íslenska hagkerfisins ekki beint undir stjórnvöld hér á landi. Baráttan gegn losun snýr því meira að greinum sem losa minna. Þá kemur það heldur ekki á óvart að mikill vöxtur í ferðaþjónustu skapaði mikla aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda á sínum tíma, og má þar sérstaklega benda á flug og akstur innanlands. Þegar ferðaþjónustan nær sér aftur á strik er viðbúið að sú saga endurtaki sig.

**Margföldun á CO<sub>2</sub>-losun á Íslandi frá 1995 til 2019**



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.